

Kerhraunsfréttir

Efni:

- Vatnsmálin — úttektir
- Heitt vatn
- Nýju húsinn

Vatnsmálin loksins í lag - Hreppurinn yfirtekur lögnina

Algjört ófremdarástand vatnsmála við Kerhraun heyrir nú brátt sögunni til. Eftir linnulausa baráttu stjórnar félagsins og þá sérstaklega Guðrúnar formanns, hafa nú verið undirskrifaðir samningar sem tryggja það að Grímsnes- og Grafningshreppur hefur tekið við rekstri lagnarinnar og mun í framtíðinni hafa alla umsjón með vatnsmálum á svæðinu.

Þrautagangan vegna kalda vatnsins hófst fyrir tveimur árum eins og áður sagði er í ljós komu ýmsir annmarkar á lögninni. Stjórn félagsins hóf þegar að berjast í málinu en lítið þokaðist í rétta átt. Þegar stjórn félagsins setti sig í samband við Margréti sveitastjóra kom strax í ljós eindreginn vilji hennar til að leysa þetta stóra vandamál. Algjört skilyrði af hennar hálfu var þó alltaf að eigandi lagnarinnar, Ásta Hávarðardóttir (JL) afsalaði hreppnum lögninni án endurgjalds enda trúði Margrét alltaf fullyrðingum stjórnarinnar um dapurt ástand lagnarinnar.

Var málum svo komið í sumar að ljóst var að ekki var hjá því komist að fá óháðan aðila til að gera úttekt á lögninni í heild. Helsta ástæða þess var sú að fullyrðingum okkar í stjórninni, þess efnis að lögnin væri nánast ónýtt, var ekki trúað af eigendum lagnarinnar og þeir kröfðust þess að sýnt yrði fram á það svart á hvítu að ástand lagnarinnar væri með þeim hætti sem stjórnin full-yrkti. Grímsnes- og Grafningshreppur samþykkti að bera kostnað af úttektinni og fékk hreppurinn til verksins Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. (sjá úttektina síðar hér í Kerhraunsfréttum). Niðurstaða úttektarinnar sannaði síðan að stjórn félagsins hafði rétt fyrir sér og kom það reyndar fáum á óvart.

Eftir gríðarlega vinnu Guðrúnar formanns, endalaus símtöl, fundi og tölvupósta, liggur nú loksins fyrir niðurstaða í málinu sem allir ættu að geta sætt sig við. Kostnaðurinn sem fylgir því að koma lögninni í endanlegt horf nemur allt að 4,5 milljónum króna og til að loka málinu var komist að samkomulagi um að Ásta Hávarðardóttir (JL), Íslandsbanki og Byggingarfélagið Geysir hf. tækju á sig stærstan hluta kostnaðarins og Félag sumarmússeiganda í Kerhrauni greiddi 650.000.- þar með náðist sú kostnaðarupphæð sem hreppurinn telur að þurfi til að koma vatnsmálum í endanlegt horf í Kerhrauni.

Þessi nýja staða kom upp mjög skyndilega og varð stjórnin að taka ákvörðun mjög snögglega. Við í stjórninni stóðum frammi fyrir því að taka þessu tilboði og sjá þar með fyrir endann á málinu í eitt skipti fyrir öll og í raun lenda málinu í öruggum höndum hreppsins. Hinn kosturinn var að neita og standa þá frammi fyrir því að vera á byrjunarreit. Í beinu framhaldi af þeirri ákvörðun blasti við algjört vatnsleysi á svæðinu og málaferli sem ljóst er að hefðu tekið nokkur ár.

Rétt er að taka fram að fyrir aðeins nokkrum dögum virtist sem málið væri komið í óleysanlegan hnút. Ásta krafðist þess þá að Sigurjón á Brjánsstöðum fengi að gera við lögnina og sjá um rekstur hennar í framtíðinni. Allir aðilar málsins risu upp á afturlappirnar þegar hér var komið sögu og þvertóku fyrir aðkomu Sigurjóns að málinu. Vegna þessarar eindröggu afstöðu aðila málsins var skyndilega frá því fallið að Sigurjón kæmi nálægt lögninni framur og ný staða kom upp sem áður er lýst.

Vitanlega er það ekki ánægjuefni að félagið skuli þurfa að greiða þessa upphæð til að landa málinu, ofan á öll þau óþægindi sem fólk hefur orðið fyrir vegna ótrúlegrar framgöngu Íslands-banka og Ástu í málinu.

Hagsmunir félagsins og landeigenda í þessu máli eru hins vegar svo miklir að ekki kom annað til greina að mati stjórnarinnar en að ganga að þessu tilboði. Tekið skal enn og aftur fram, að þessi lausn á málinu kom mjög skyndilega til sögunnar. Stjórninni gafst því ekkert svigrúm til að bera umrædda ákvörðun hennar undir félagsmenn eins og æskilegt hefði verið. Svo skyndilega þurfti stjórnin að svara tilboðinu að ekki gafst tími til að boða formlegan stjórnarfund. Stjórn félagsins samþykkti þessa ákvörðun einróma og stendur og fellur með henni.

Frá því að félag okkar var stofnað hefur svo að segja allt vinnuframlag stjórnarinnar farið í að lenda þessu vatns máli. Þar er hlutur Guðrúnar formanns ómetanlegur og langstærstur. Hún hefur fórnað sér algjörlega í þetta mál í tvö ár. Að baki eru hundruð símtala, enn fleiri tölvupóstar og fjölmargir fundir sem hún hefur setið fyrir hönd félagsins, endalausar áhyggjur og andvökunætur. Dugnaður hennar og atorka hefur hvarvetna vakið athygli og ég leyfi mér, fyrir hönd stjórnarinnar, að þakka henni fyrir hennar mikla framlag og það, öðrum fremur, að málið er nú í öruggum farvegi til framtíðar. Félag okkar og allir landeigendur í Kerhrauni standa einnig í mikilli þakkar-skuld við Margréti hreppstjóra. Skilningur hennar á málinu og vaskleg framganga greiddi mjög fyrir lausn málsins.

Hvað gerist næst?

Að sögn Margrétar hreppstjóra mun hreppurinn nú þegar huga að lagfæringu vatnslagnar í Kerhrauni og munu framkvæmdir hefjast fljótlega eða um leið og verktaki fæst í verkið.

Næsta vor mun sumarhúsum í Kerhrauni hafa fjölgað um nálægt því 30 frá því sem nú er. Miklar framkvæmdir standa yfir á svæðinu og aðili sem keypti um 29 lóðir í Kerhrauni nýverið hyggst setja niður hús á lóðirnar á mjög skömmum tíma (sjá síðar á bls. 4). Sjá þá allir sem vilja hvernig staða vatnsmála hefði orðið ef sú lausn sem blasir við í dag hefði ekki komið til.

Stjórn félagsins getur nú loksins farið að sinna öðrum mikilvægum málum í hverfinu en vatnsmálum og erum við þegar farin að huga að brýnum verkefnum.

Þar má nefna girðingarmál, sem eru í ólestri og átti raunverulega að taka fyrir í ár samkvæmt samþykki aðalfundar en því verki frestaði stjórnin þar sem í ljós kom að nýju girðingarlögin gera okkur það mögulegt að láta móteigendur jarða sem liggja að Kerhrauni greiða 50% á móti okkur og því mun stjórnin vinna að þeim málum í vetur.

Grundvöllur að ákvörðunartöku stjórnarinnar um að leysa úr vatnsmálin var byggður á því að nota girðingarpeninga til að loka þessu máli.

Önnur mál eru t.d. vegamálin. Ljóst er þó að vegamál verða ekki tekin föstum tókum fyrr en þorra framkvæmda á svæðinu er lokið.

Loks má geta þess að stjórnin hefur látið útbúa ný skilti sem sett verða upp við þjóðveginn og námuna í Seyðis-hólum.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður: gv@centrum.is

F.h. stjórnar

Stefán Kristjánsson

Útektir Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

MINNISBLAÐ nr. 1

Verk: Vatnsveita Kerengi

Verknr: 2005-1117

Málefni: Vettvangsferð

Dags.: 2005-07-26

Frá: Jón Örvar Bjarnason

Dreifing: Margrét Sigurðardóttir, Ari Guðmundsson

Þann 26. júlí var lögnin frá Búrfelli og að Kerhrauni skoðuð. Helstu atriði sem komu fram voru:

- Í fjárhúsunum á Búrfelli er dæla sem gengur stanslaust. Hún dælir vatni í lögn (90mm) að Kerhrauni og einnig í lögn (63mm) að Miðengi. Hæð dælu er skv. GPS 85 m.y.s. og þrýstingur er 6,5 kg/cm².

- Þar sem lögn (63mm) kemur inná Kerhraunsland er brunnur. Þar er krani og þaðan liggur einnig 20mm lögn út í læk. Þrýstingur þar mældist 5,0 kg/cm². Þegar skrífað var fyrir kranann virtist sem ekkert rennsli væri í lögninni. Hæð brunns er 92 m.y.s.
- Lögnin greinist í tvennt í landi Kerhrauns, annars vegar sá hluti sem Sigurður frá Laugarvatni lagði og hins vegar lögn sem liggur að efsta bústað, hér kallaður bústaður Guðrúnar, sem Sigurjón á Brjánstöðum lagði (50mm með 25mm heimæðum). Grafið var niður á lögnina þar sem hún greinist. Hæð er 102 m.y.s.
- Grafið var niður á lögnina sem liggur upp að bústað Guðrúnar, um 50m frá þeim stað þar sem lögnin greinist. Þar er dýpi niður á lögn aðeins um 0,5m. Á kaflanum frá greiningu og upp að bústað Guðrúnar er búið að gera við lögnina á a.m.k. 2 stöðum. Rafstrengur liggur á svipuðum stað og vatnslögnin. Ekki er útilokað að lögning sé löskuð á fleiri stöðum, hvort sem það hefur gerst vegna vinnu við rafstreng eða annars.
- Við bústað Guðrúnar mældist þrýstingur 1,4 kg/cm² og hæð á stút er 124 m.y.s. Hæðarmunur á lögninni í fjárhúsi í Búrfelli og við bústað Guðrúnar er því 39m og því er þrýstifallið vegna hæðarmismunar 3,9 kg/cm² og þá er þrýstifall vegna mótsöðu í lögninni 1,2 kg/cm². Guðrún fullyrðir að þegar verið er að nota vatn í nærliggjandi bústöðum þá falli þrýstingu verulega hjá henni og nánast ekkert vatn renni.

Ljóst er að lágur þrýstingur efst í lögninni er aðalega vegna mikils hæðarmismunar (39m). Ef lögn er kramin, þá orsakar það lítið rennsli og mikið þrýstingstap þegar skrífað er frá á mörgum stöðum í einu. Einnig er möguleiki að heimæðar séu of sverar miðað við aðallögn og að bústaðir sem eru neðan við bústað Guðrúnar fullnýti lögnina. Einnig er ljóst að hluti af lögninni liggur ekki á dýpi.

Gera þarf til viðbótar eftirfarandi athuganir:

1. Kanna betur virkni dælu í fjárhúsi í Búrfelli.
2. Láta vatn renna á mörgum stöðum í einu og athuga rennsli og þrýsting.

MINNISBLAÐ nr. 2

Verk: Vatnsveita Kerhrauni

Verknr: 2005-1117

Málefni: Vettvangsferð 2

Dags.: 2005-08-19

Frá: Ari Guðmundsson, Narfi Hjörleifsson

Dreifing: Margrét Sigurðardóttir

Þann 19. ágúst var lögnin frá Búrfelli og að Kerhrauni skoðuð aftur.

Viðstaddir:

Ari Guðmundsson og Narfi Hjörleifsson frá VST hf.

Guðrún Njálisdóttir og Guðfinnur Traustason, sumarhúsaeigendur

Böðvar Pálsson (aðeins við skoðun hjá dælu)

Helstu atriði sem voru skoðuð og komu fram voru:

- Skoðuð var dæla og stýring í fjárhúsum við Búrfell. Eldri 75mm PEH lögn úr lind er tengd inn að dælu. Ekki hefur verið tengt af nýrri 180mm PEH lögn inn á dælu. Þrýstingur var um 6,6-6,7 bör (kg/cm²). 90mm PEH lögn liggur frá dælu í átt að Kerhrauni.
- Skoðaður var brunnur um 2km austan við fjárhús, við veg. Þar er loki og hné. Sverleiki virðist 90mm PEH, en skv. Böðvari fer lögnin í 63mm nálægt þessum stað. Skv. Guðrúnu var þrýstingur við bústaði á þessum slóðum um 6,0 bör og þurfti að setja þrýstiminnskara á inntök í bústaði eftir að dæla var sett upp í fjárhúsum við Búrfell (sjálfrennsli áður).

- Skoðaður var brunnur þar sem lögn kemur inná Kerhraunssvæðið. Þar er loki inná svæðið og 20mm slanga út í læk með loka á. Þar hafði í síðustu ferð mælst 5,0 bara þrýstingur þegar þrýstimælir var settur á endann.
- Skoðaður var þrýstingsmælir sem staðsettur var á lóð Guðrúnar. Stöðuþrýstingur var bör.
 - o Prófað var að skrífa frá garðkrana í næsta bústað, og féll þrýstingur aðeins lítillega vegna þess (0,1-0,2 bör).
 - o Prófað var að skrífa frá 20mm lögn við brunn inná Kerhraunssvæðið. Við það féll þrýstingur niður í 0,4bör, þó ekki mjög hratt (tók nokkrar mínútur að komast í 0,4bör).
 - o Prófað var að skrífa fyrir þennan legg lagnar við gatnamót þar sem lagnir greinast. Við það féll þrýstingur á um 5 mínútum niður í 1 bar og hefði haldið áfram (mælir aftengdur eftir 5 mínútur).
- Farið var í bústað í hinu vestara hverfi, nr. 7 og þrýstingsmælir settur á krana. Skrífað var áfram fyrir legg að bústað Guðrúnar.
 - o Þrýstingur mældist 3,7 bör, enda bústaðurinn nokkuð lægri en hjá Guðrúnu.
 - o Prófað var að skrífa frá 25mm lögn við brunn inná Kerhraunssvæðið. Við það féll þrýstingur niður í 1,7 bör.
 - o Skrífað var aftur fyrir, þannig að þrýstingur fór í 3,7 bör að nýju. Prófað var þá að loka fyrir legg að þessum bústað við gatnamót þar sem lagnir greinast. Við það féll þrýstingur niður í 3,4 bör og hélst þannig.

Ný hús og heitt vatn í Kerhraunið

Nýlega keypti norðlenska fjárfestingafélagið Ægisauður ehf. 29 lóðir í Kerhrauni og munu á næstu mánuðum reysa glæsileg heilsárshús. Félagið hefur þá þegar hafið framkvæmdir á svæðinu og munu alls 13 hús vera í burðarliðnum hjá þeim núna og hinum 16 verður svo byrjað á í vor. Stærð húsanna sem eru sænsk eru 78m² og 107m² og eru öll hin glæsilegustu og bjóðum við nýja eigendur hjartanlega velkomna á svæðið.

Í framhaldi af kaupum Ægisauðs ehf. hafa þeir áhuga á því að fá sem fyrst heitt vatn á svæðið og í því sambandi hafði Guðrún samband við Orkuveitu Reykavíkur og fékk neðangreint svar frá þeim.

“Orkuveitan er að vinna að hagkvæmniútreikningum fyrir hitaveitu í sumarhúsabyggð í landi Miðengis.

Um nokkuð langa leið er að ræða og gæta verður vel að öllum tæknilegum atriðum varðandi slíka veitu.

Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um hversu langt Orkuveitan teygir sig í austurátt frá Öndverðanesi.

Gera verður ráð fyrir að nægjanlegur fjöldi húsa tengist veitunni til að halda uppi hitastigi í dreifikerfinu.

Einnig hefur fjöldi þátttakenda áhrif á kostnað veitunnar og eins hversu þétt húsin standa.

Unnið er að þessum útreikningum og frumhönnun.

Við vonumst til að vera með eitthvað tilbúið á haustmánuðum.”

Þar sem OR er að leggja vinnu í hitaveitu fyrir Miðengi þá fékk Guðrún þær upplýsingar frá þeim að ef tilskilinn fjöldi næðist í Kerhrauninu (c.a. 40-45 hús) þá væri möguleiki að taka þetta í beinu framhaldi. En til þess að af því verði þá þurfa þeir eigendur sem vilja fá heitt vatn að leggja inn beiðni til OR sem fyrst.

Vinsamlegast sendið tölvupóst á: jakob.fridriksson@or.is en Jakob ætlar að halda utan um fjölda þeirra sem sækja um, þannig að þið ykkar sem viljið heitt vatn árið **2007**

sendið honum beiðnina sem allra fyrst.

Ægisauður hefur þá þegar sótt um fyrir 29 lóðum og nokkrir aðrir einstaklingar líka og því kvetur stjórnin alla þá sem áhuga hafa á þessu að sækja um sem allra fyrst.

Á næstu blaðsíðu má sjá teikningar af húsunum sem Ægisauður mun reysa á næstu mánuðum.



